

Fornleifakönnun:

Sumarbústaðabyggð í Skorholtsnesi

Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS125-00151
Reykjavík 2000

Efnisyfirlit

Inngangur	2
2. Kafli. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar	2
3. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.....	4
4. Kafli. Skrá yfir fornleifar	5
5. Kafli. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.....	9
6. Kafli. Tillaga um aðgerðir	9
Heimildir	10



Inngangur

Fyrirhuguð er uppbygging sumarbústaðabyggðar í landi Skorholts (Eystra- og Ytra-) í Leirár- og Melasveit. Byggðin mun rísa í Skorholtsnesi og mun vegur liggja þangað frá Melasveitarvegi. Af þessu tilefni fór Guðrún Jónsdóttir arkitekt FAÍ, í umboði Landslaga ehf. sem standa fyrir framkvæmdunum, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands í október 2000, að hún gerði fornleifaskráningu á svæðinu vegna deiliskipulags sem þar er í vinnslu. Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en engar fornleifaathuganir höfðu verið gerðar þar áður en Fornleifastofnun Íslands gerði úttekt á svæðinu.

Þegar lá fyrir svæðisskráning allrar Leirár- og Melasveitar, en svæðisskráning fornleifa fyrir allan Borgarfjörð sunnan Skarðsheiðar hafði verið gerð á vegum sveitarfélaganna þar árið 1999.¹

Við svæðisskráningu voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar. Við aðalskráningu var rætt var við ábúanda, gengið á hvern minjastað og þeir skoðaðir, auk þess sem gengið var um allt Skorholtsnes og umhverfið kannað. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu Fornleifastofnunar á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat,² og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, vettvangsrannsókn lýst, lagt mat á áhrif framkvæmda og gerðar tillögur um aðgerðir. Hildur Gestsdóttir gerði svæðisskráningu á svæðinu en Elín Ósk Hreiðarsdóttir sá um vettvangsvinnu og gerði skýrslu. Yfirumsjón með verkinu hafði Orri Vésteinsson fornleifafræðingur.

2. Kafli. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja...". Auk

¹ Hildur Gestsdóttir & Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Borgarfjarðarsýslu I. Svæðisskráning í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar*, FS085, Reykjavík 1999.

Fornleifaskráning

Þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið í þessari nýju löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slíppir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir grefrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið; skipsflök eða hlutar úr þeim.
Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd mats á umhverfisáhrifum, líkt og gert er við fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: "Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er

² Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsvegar um Mávahlíðarrif*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997; Sami: *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegastæði Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar sunnan Fróðárheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997.

af framkvæmdum muni leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefjast og á hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð,... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum."

3. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Hér að neðan er birt skrá um alla þekkta minjastaði í landi Eystra- og Vestra-Skorholts. Sú leið var valin að merkja inn á afmarkaðan yfirlitsuppdrátt alla þá minjastaði sem þekktir eru og þar sjást, jafnvel þó þeir séu fjarri vegarstæðinu og ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Upplýsingar um allar fornleifar sem vitað er um á jörðunum tveimur er að finna í skránni hér að neðan. Með þessu á að vera tryggt að heildaryfirlit um menningarminjar á svæðinu sé til taks og ennfremur að hægt verði að taka tillit til fornleifa verið breytingar á hönnun svæðisins frá þeim tillögum sem nú liggja fyrir.

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar í landi Eystra- og Vestra-Skorholts. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-121:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð. Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands, staðarheiti, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaðan í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá.

Á svæðinu voru samtals skráðir 13 minjastaðir. Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem næstir eru fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en hér er birt heildarskrá yfir alla þekkta staði.

4. Kafli. Skrá yfir fornleifar

BO-120 Eystra-Skorholt

10 hdr. 1707. Melakirkjueign. "Skorri var um vetr í Skorraholti á laun, annan í Skorradal." Landnámabók (Þ(M)), ÍF I, 67 nm.

1179-1235: [Melakirkja á] halft land j Skorra holti – DI I, 419.

1397 á Melakirkja "a xvc j Skarrholli." – DI IV, 192-93. .

[1478] á Melakirkja "skorholten bæde." – DI VI, 175.

1570 á Melakirkja . tuenn Skorholtt. DI XV, 628.

Tún 19,817 m². Garðar 532 m².

BO-120:001 Eystra-Skorholt bærstæði bústaður 64°24.318N 21°55.200V

"Bærinn er efst í túni, sunnan við melana." Gamli bærinn stóð á svipuðum stað og íbúðarhúsið í Skorholti stendur nú. Ekki er greinanlegur bæjarhóll á þessum stað. Þar sem gamli bærinn var, er steinsteypt íbúðarhús og samfast því viðbygging. Ekki er líklegt að miklar mannvistaleifar sé að finna undir yfirborði, bæjarhóll er ekki greinilegur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 143

BO-120:002 útihússtóft

64°24.411N 21°55.060V

Á túnakort frá 1917 er útihús merkt í norðausturhorni túns, 160-170 m frá bæ. Enn má sjá tóftir í norðausturhorni túnsins en fjarlægðin frá gamla bænum (001) þar sem íbúðarhúsið stendur nú er um 190-200 m. Útihús þetta hefur verið um 5 m fast ofan (norðan) við girðingu sem girðir af tún og fast ofan við gamla Melasveitarveg. Tóftin er 20-30 m neðan við raflínustaur. Neðan við tóftina eru tún en ofan við hana er melur eða hæð. Tóftin er nokkuð gróin eða 0,5-0,6 m á hæð. Hún virðist tví-eða þrískipt og er 13 X 8 m að stærð að utan. Tvö samsíða hólf snúa norður-suður og er ekki torfveggur greinilegur fyrir suðurvegg þeirra. Vestan við vestara hólfid er svo mjög ógreinilegt hólf eða svæði og virðist op vera á vesturvegg þess.



Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort

BO-120:003 heimild um útihús

54°24.312N 18°55.217V

Um 5 m vestan við gamla bæinn (001) var útihús sem merkt var inn á túnakort frá 1917. Vestan við íbúðarhúsið sem nú stendur eru sambyggð útihús úr steypu. Þar sem útihúsið hefur staðið er nú steinsteypt útihús og eru engar leifar eldri byggingar greinilegar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort

BO-120:004 heimild um tóft

64°21.329N 21°55.134V

"Tóftir" eru merktar inn á túnakort frá 1917, norðan við garð, suðaustan við bæjarhúsin. Tóftir þessar hafa verið um 55 m austan við bæinn (001) en örlítið sunnar. Þar sem þau hafa staðið er nú rennislétt tún. Engin merki um húsin eru greinileg en þar sem þau hafa staðið er hæð í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort

BO-120:005

Selhóll

seltóft

64°25.194N

21°55.55.321

Skorholt

"Um Selhól, en það er langur melhóll, suðaustur af Sjónarhól... þeir eru aðskildir af mýrarsundi." segir í örnefnalýsingu. Um 1,2 km norðan við afleggjarann heim að Geldingaá er annar afleggjari sem sömuleiðis liggur til austurs. Ef þessum afleggjara er fylgt til austurs er komið að Selhól um 350 m austan við þjóðveg. Tóftir selsins eru vestan í hólnum þar sem hann tekur að lækka. Þær eru um 1,7 km norðaustan við íbúðarhúsið í Skorholtsnesi. Tóftin er um 30-40 m sunnan við vegaslóðann. Selhóll er lágur, aflangur melhóll. Á honum er nær enginn gróður og er allt þetta svæði mjög hrjóstrugt. Selhóllinn er í raun ber og grýttur melur og í kring er bert svæði með einstaka lyng- eða mosafllákum. Sunnan við selið er dæld eða flói þar sem rakt er og nokkur gróður. Umhverfis selið er örlítill gróður á um 50 X 50 m svæði. Landamerki Skorholts liggja um hólinn. Seltóftin er mjög sigin og fremur ógreinileg. Það má þó vel greina þar sem það stendur á gróðurbletti í miðri auðninni. Á þessum stað virðist mega greina 2 tóftir þó önnur þeirra sé nú orðin mjög illmerkjanleg. Hún virðist vera um 5 X 6 m að stærð og snúa austur-vestur. Um 7 m norðan viðhana er svo önnur sem er eilítið greinilegri. Hún er 6 X 8 m að stærð og er opin til vesturs eins og fyrrnefnda tóftin.

Hættumat: hætta vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Skorholt, 1



BO-120:006

heimild um tóft

64°25.131N 21°55.003V

"...ofan við veginn að Geldingaá er hóll, sem heitir Kálfhóll, til eru þeir sem nefndu hann Pálshól, en hann er aldrei nefndur svo nú, þar eru rústir." segir í örnefnalýsingu. Svæðið milli afleggjarans heim að Geldingaá og afleggjarans sem er um 1,2 km norðar er nær alveg gróðurlaust. Þar skiptast á nokkuð stórir, berir melar og flóasvæði á milli. Baldvin Björnsson telur að Pálshóll hljóti að vera stór melhóll nokkru sunnan við Selhól (005). Ekki eru þó greinilegar rústir á þessum hól né heldur sjást rústir á öðrum hólum umhverfis.

Hættumat: hætta vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Skorholt, 1


BO-120:007

fjárhústóft

64°24.286N 21°55.260V

Þar sem heimreiðin að Skorholti greinist frá Melasveitarvegi er ristahlið. Heimreiðin liggur þaðan í um 30 m til norðurs en greinist þá í tvennt. Fer austari slóðinn heim að íbúðarhúsinu en sá vestari að hlaði vestan við steipt útihús. Fast vestan við vestari slóðann og um 30-40 m ofan við ristahliðið á heimreiðinni er tóft. Tóft þessi er 75-85 m suðvestan við gamla bæinn (001). Tóftin er í túni vestan við vestari afleggjara heimreiðarinnar. Hún er 10 X 10 m að stærð. Suðurhluta hennar er skipt upp með garðlagi en nyrðri hlutinn skiptist í tvö hólf. Rusl er í tóftinni og er hún útfloft á köflum. Ekki er greinanlegur veggur fyrir norðurhlið tóftarinnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



BO-120:008

fjárhústóft

64°24.264N 21°55.636V

Fornleifaskráning

7-8 m norðan við Melasveitarveg og um 60-70 m vestan við garðlagið (BO-121:002) er tóft í túninu. Hún er 20-30 m austan við vírgirðingu í kringum tún Skorholts. Yfir tóftina er raflína sem liggur skáhallt upp (NA-SVO) túnið. Tóftin er innan hins eiginlega heimatúns. Þessi hluti túnsins er þó greinilega komin í órækt, en hann er þýfður og nokkuð grýttur. Svæðið er aflíðandi. Tóftin er fremur heilleg og er 15 X 11 m að stærð. Hún skiptist í af þrjú hólf og eru 3 op á suðurhlið hennar og hugsanlega eitt á norðurhlið. Svo virðist sem garði hafi verið eftir stærsta hólfinu en hann er nú mjög óskýr. Grjóthleðslur sjást í veggjum. Tóftin er þessleg að hún hafi verið byggð upp á eldri tóft. Um 2 m vestan við hana virðist t.d. mega greina vegghleðslu á um 8 m parti en hún er mjög óskýr (0,1 m á hæð) og mun ellilegri en sú tóft sem stendur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



BO-120:009

tóftir
64°23.975N 18°55.806V

Um 70 m vestan við skurð sem liggur norður-suður frá Melasveitarvegi og niður að Grunnafirði er rústahóll. Hóllinn er 450-470 m sunnan við Melasveitarveg og frá honum eru um 130-150 m að sjó til vesturs en 300 m til sjávar í suðausturátt. Í raun eru á þessum stað tveir hólar og hafa verið rústir á þeim báðum. Allt í kring er sléttlendi niður að Skorholtsnesi en þar eru litlar hæðir. Svæðið er mjög þýft, bæði hólarinn og sléttendið í kring.

Austari hóllinn er stærri (30 X 15 m) og nær mun lengra til norðurs en um 10 m vestan við þar sem hann fjarar út er annar minni hóll (10 X 15 m). Báðir hólarinn eru mjög þýfðir og erfitt að greina nákvæmar útlínur þeirra tófta sem á þeim eru. Á stærri hólnum virðist tóftin tvískipt og er 8 X 8 m að stærð áður en hún fjarar út. Á vestara hólnum er tóftin enn óskýrari en þó má nú greina einfalda, 5 X 4 m tóft. Líklegt er að á báðum hólum hafi mannvirki áður verið meiri, en þau eru nú hlaupinn í þúfur að nokkru leyti. Á loftmynd má greina að garðlag hefur verið í jaðri hólsins en erfitt er að greina nákvæma lögun þess af jörðu niðri nú þar sem það er meira og minna hlaupið í þúfur.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda



BO-120:010

varða

64°23.803N 21°55.978V

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á Skorholtsnesi, þar sem áætluð er sumarbústaðabyggð, eru tvær afgerandi hæðir. Báðar eru aflíðandi og liggja NA-SV og á þeirri syðri er varða sem virðist nokkuð fornleg. Varðan stendur vestast á hæðinni og frá henni eru um 150 m í sjó bæði til vesturs og austurs. Hæðin er klöpp sem að miklu leyti er gróin mosa. Hún er mest 1,2-1,5 m á hæð þar sem hún er hæðst. Varðan er 1,5 m í þvermál og er 0,4 m á hæð. Hún er gróin mosa.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

BO-120:011


tóft

64°23.610N 21°56.121V

Skorholt

Suðaustast á Skorholtsnesi, fast við sjávarborð, er hlaðin tóft úr grjóti. Tóftin er um 1300 m neðan við Melasveitarveg og um 300 m neðan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Sunnan og austan við tóftina er fjara við Grunnafjörð, en norðan og vestan hennar er lítið gras- og mosavaxið svæði. Tóftin er alveg grjóthlaðin. Hún er um 4 m á breidd en um 6 m á lengd. Ekki er greinilegt hvar op hefur verið á tóftinni en lægstur er veggurinn norðarlega á vesturhlíð hennar. Veggir eru nokkuð signir og mosavaxnir. Sunnan eða suðvestan við tóftina er hringlaga dæld sem virðist tengjast mannvirkinu.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda



BO-121 Vestra-Skorholt

10 hdr. 1707. Melakirkjueign. "Skorri var um vetr í Skorraholti á laun, annan í Skorradal." Landnámabók (Þ(M)), ÍF I, 67 nm.

1179-1235: [Melakirkja á] halft land j Skorra holti – DI I, 419.

1397 á Melakirkja "a xvc j Skarholti." – DI IV, 192-93. [1478] á Melakirkja "skorholten bæde." – DI VI, 175.

1570 á Melakirkja . tuenn Skorholtt. DI XV, 628.

"Í Vestra-Skorholti var búið til 1911." BB II, 143.

Tún 19,817 m². Garðar 532 m².

BO-121:001 Vestra-Skorholt bærjrhóll bústaður 65°24.294N 18°55.531V

"Sér enn fyrir rústum á ávölum hól, spölkorn fyrir vestan Skorholtsbæ." segir í Byggðum Borgarfjarðar en bærinn fór í eyði 1911. 270 m vestan við gamla bæinn (BO-120:001) í Eystra-Skorholti og örlítið neðar sjást leifar af tóft þar sem Vestra-Skorholt var áður. Tóftin er um 30 m norðan (ofan) við Melasveitarveg og 10 m austan við garðlagið (002). Tóftin er á gróðurörkum, ofan og vestan við hana er svæði þar sem tún virðast hafa verið en þau eru nú komin í órækt og eru nokkuð þýfð og grýtt. Neðan og austan við tóftina eru hins vegar tún sem enn eru slegin. Eftir að bærinn fór í eyði hefur útihús verið byggt á þessum stað, líklega fjárhús. Sú tóft er enn greinileg. Hún er 12 X 8 m að stærð og er tvískipt. Sunnan megin er langt hól sem snýr norður-suður og virðist garði hafa verið eftir því endilöngu. Baka til er annað hól sem snýr þvert (austur-vestur) á hitt hólið og hefur það e.t.v. verið heytóft. Frá tóftinni að ofanverðu (frá norðurvegg hennar) gengur garðlag í boga að túngarðinum. Ekki eru greinileg op á tóftinni. Grjóthleðslur má greina á stöku stað og nokkuð stórt grjót er syðst í og á tóftinni. 3-4 m suðaustan við tóftina er grjóthruga sem lítur út fyrir að hafa verið ýtt saman úr tóft eða túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 143



BO-121:002 garðlag landamerki 64°24.275N 21°55.558V

Um 10 m ofan við Melasveitarveg og tæpa 70 m austan við BO-120:008 en 10 m vestan við 001 er garðlag sem liggur norður-suður í túninu. Garðlag þetta hefur greinilega verið sléttað syðst og neðst (rétt ofan við Melasveitarveginn) og hefur einnig horfið nyrst undir gamla Melasveitarveginn. Garðlagið liggur í nokkrum hlykkjum en er byrjað að beygja til austurs þegar það hverfur undir gamla veginn. Líklegast verður að telja að garðlag þetta hafi afmarkað land Vestara-Skorholts. Garðlagið liggur yfir tún sem nú er orðið þýft og komið í órækt. Garðlagið er um 0,8 m á hæð en allt að 2 m á breidd. Garðurinn er 130-140 m á lengd.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

5. Kafli. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Á grundvelli heimildakönnunar og vettvangsrannsóknar er ljóst að á framkvæmdasvæðinu og í næsta nágrenni eru 13 minjastaðir sem teljast samkvæmt lögbundinni skilgreiningu fornleifar og eru því friðhelgir. Ljóst er að mestur hluti þessara staða er ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en jafnframt er mögulegt að fleiri minjar leynist á fornleifasvæðinu sem ekki eru til heimildir um og ekki sjást vísbendingar um á yfirborði. Í eftirfarandi umfjöllun er greint frá þeim stöðum sem þekktir eru og fyrirsjáanlegt er að gætu orðið fyrir raski vegna framkvæmdanna.

Áætluð sumarbústaðarbyggð er 3,82 hektarar á Skorholtsnesi miðju. Um 100 m ofan við girðingu sem afmarkar framkvæmdasvæðið eru tveir hólar með nokkuð fornlegum rústum (BO-120:009). Innan deiliskipulafsreitsins eru tveir hólar sem byggðin er skipulögð í kring um. Á syðri hólnum er hrunin og gróin varða (BO-120:010) sem telst til fornleifa. Um 325 m neðan við framkvæmdasvæðið er hlaðin tóft (BO-120:011) sem telst ekki í hættu þar sem hún er í nokkurri fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu.

6. Kafli. Tillaga um aðgerðir

Að lokinni heimildakönnun og rannsókn á vettvangi hefur komið í ljós að vitneskja liggur fyrir um þrjár fornleifar í eða í námunda við framkvæmdasvæðið.

Nauðsynlegt er að merkja minjastaðina BO-120:009-011 með áberandi hætti til að koma í veg fyrir að minjarnar skemmist af vangá.

Heimildir

Heimildamaður: Baldvin Björnsson 29.10.1965

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands

ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson ritstj.

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af tünnum 1917. Leirár- og Melahreppur. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnastofnun Íslands

Ö-Skorholt: Örnefni í Skorholti, Sigurjón Hallsteinsson skráði.

Prentaðar heimildir:

BB II: *Byggðir Borgafjarðar II*, Reykjavík 1989.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

ÍF: *Íslensk fornrit I*. Íslendingabó & Landnáma, Reykjavík 1986.


JJ: Jarðatal Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X. Eyjafjarðarsýsla, Kaupmannahöfn 1943.

FORNLEIFAKORT FYRIR EYSTRÁ- OG VESTRA SKORHOLT



Sjá einnig greinargerð dags. 1 ágúst 2000



Teknistöð og Guðmáttar Jónsdóttur Arkitekt FAI		SKORHOLTSNESI Í	
Tímannagata, 4		LANDI SKORHOLTS	
Sími : 562 7750		LEIRAR - OG MELAHREPPJ	
Nerdagan :		KVARNI : 15000	
101 Reykjavík		Ágúst 2000	
Faxi : 562 7710		NR.001	
einhugi@votun.is			